

**Nd.** **119. Frumvarp til laga** [68. mál]  
um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. jan.)

Samhljóða þskj. 103 með þessum breytingum:

1. og 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. hljóða svo:
1. Til Aflatryggingasjóðs
    - a) Almenn deild ..... 15.0%
    - b) Verðjöfnunardeild ..... 20.0%
    - c) Áhafnadeild ..... 21.0%
  2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja
    - a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur 20.0%.
    - b) Til aldurslagatrygginga til úthlutunar samkv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur 3.0%.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli verðjöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi hlutar verðjöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur verðjöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu, en lægst 15%. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

2. málsgr. 3. gr. (6. gr.) hljóðar svo:  
6. gr. — Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldastyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til aldurslagatrygginga sbr. b-lið 2. tl. 4. gr.

5. gr. hljóðar svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru á árunum 1980 og 1981.